# Reykjanesbraut - Bústaðavegur

## Fornleifaskrá

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



**Reykjavík 2024**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 235

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

# Reykjanesbraut - Bústaðavegur

## Fornleifaskrá


Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir






**Reykjavík 2024**

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 235



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Eflu.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.
Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur
Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:
Búrfoss í Elliðaánum. Maður á hesti úti í ánni á vaðinu. Horft yfir Blesugrófarmela og Blesugróf, um 1900. Ljósmyndasafn Reykjavíkur: 200 5 24-18. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 235
Reykjavík 2024
Öll réttindi áskilin.

Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur

# Efnisyfirlit

Formáli ...3

1. Saga svæðisins...4

1.1 Staðhættir og örnefni...5

1.2 Í landi Klepps, Bústaða og Breiðholts...7

1.2.1 Þjóðleiðin yfir Elliðaár...7

1.2.2 Sand- og grjótnám...9

1.2.3 Yngri byggð við Reykjanesbraut...10

2. Almennt um verndun menningarminja...10

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja...12

4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar...14

4.1 Skrá yfir fornleifar við Reykjanesbraut - Bústaðaveg...14

Breiðholt 218-26 Bústaðarlaug...17

Breiðholt 218-163 Læknisleið...18

Kleppur 231-69 Markalækur...19

Kleppur 231-74 Biskupagata...19

Bústaðir 232-18 Skeiðvöllur...20

Bústaðir 232-23 Elliðaárbrú...20

Bústaðir 232-37 Almenningsvöð...21

Bústaðir 232-76 Vatnsveituvegur...22

Bústaðir 232-77 Bústaðavegur hin forni...22

Bústaðir 232-85 Suðurlandsbraut...24

Bústaðir 232-86 Vað...24

Bústaðir 232-156 Leið...25

4.2 Skrá yfir yngri minjar Reykjanesbraut – Bústaðaveg...26

Breiðholt 218-62 Hús í Blesugróf...26

Breiðholt 218-102 Bakkakot í Blesugróf...26

Breiðholt 218-103 Laugarfell í Blesugróf...26

Breiðholt 218-104 Lækjarbugur í Blesugróf...26

Breiðholt 218-106 Lækjartún í Blesugróf...27

Breiðholt 218-107 Lækjarhvoll í Blesugróf...27

Breiðholt 218-108 Lækjarbrekka í Blesugróf...28

Breiðholt 218-110 Klöpp í Blesugróf...28

Kleppur 231-57 Útskálar við Elliðavog...29

Bústaðir 232-15 Camp Pony Track ........ 30
Bústaðir 232-55 Sandhóll í Blesugróf ........ 31
Bústaðir 232-56 Eystrihóll í Blesugróf ........ 31
Bústaðir 232-57 Sandskeið í Blesugróf ........ 31
Bústaðir 232-58 Garðstunga í Blesugróf ........ 32
Bústaðir 232-59 Grund í Blesugróf ........ 32
Bústaðir 232-60 Hús Ingimars Þorsteinssonar í Blesugróf ........ 33
Bústaðir 232-61 Veðbanki og geymsluhús ........ 33
Bústaðir 232-62 Reykjaæð ........ 34
Bústaðir 232-66 Íbúðarhús ........ 35
Bústaðir 232-67 Gömlu Fákshúsin ........ 35
Bústaðir 232-70 Heiði í Blesugróf ........ 36
Bústaðir 232-71 Tunga í Blesugróf ........ 36
Bústaðir 232-72 Snæland í Blesugróf ........ 37
Bústaðir 232-81 Náma ........ 37
Bústaðir 232-88 Elliðaárbrú vestari ........ 38
Bústaðir 232-155 Nesti við Elliðaárvog ........ 39
Bústaðir 232-156 Náma ........ 40
4.3 Varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar ........ 41
4.3.1 Grunnástand umhverfisþátta ........ 43
4.3.2 Umhverfisáhrif ........ 43
4.3.3 Niðurlag ........ 43
5. Heimildir ........ 44
Viðauki 1 ........ 47
Minjatafla með hættumati og mótvægisaðgerðum ........ 47
Minjakort ........ 49

# Formáli

Hér fer á eftir skráning fornleifa, mannvirkja og yngri minja á svæði sem er tekið út vegna umhverfismats á fyrirhuguðum framkvæmdum við gatnamót Reykjanesbrautar – Bústaðavegar.[1] Sá hluti Reykjanesbrautar sem framkvæmdin nær til, liggur frá Súðavogi að mislægum gatnamótum við Stekkjarbakka. Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru innan þessa vegkafla, fyrirhugað framkvæmdasvæði og næsta nágrenni þess má sjá á mynd 1. Svæðið er um 25 ha að stærð.

Skráningin er unnin að beiðni verkfræðistofunnar Eflu. Skráningin átti auk þess að uppfylla kröfur um skráningu vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulagi.

Fyrirliggjandi skráningar á svæðinu eru í eftirfarandi skýrslum:

- *Byggðakönnun: Borgarhluti 5 – Háleiti,* skýrsla Minjasafns Reykjavíkur nr. 163, 2013.
- *Elliðaárdalur: Svæðið norðan Stekkjarbakka,* skýrsla Borgarsögusafns nr. 182, 2017.
- *Bústaðavegur 151-153, Húsaskrá og varðveislumat, Fornleifaskrá.* Bréf til skipulagsfulltrúa 28. september 2018.
- *Elliðaárdalur: Fornleifaskrá og húsakönnun,* skýrsla Borgarsögusafns nr. 203, 2020.
- *Ártúnshöfði: Fornleifaskrá,* skýrsla Borgarsögusafns nr. 212, 2021

Sá hluti fornleifaskráningar og niðurstöður sem birtast í þessari skýrslu byggja á ofangreindum skýrslum og er skráningin endurskoðuð miðað við kröfur um skráningu fornleifa fyrir mat á umhverfisáhrifum, breytingu á aðal- og deiliskipulagi í samræmi við ákvæði í lögum um menningarminjar nr. 80/2012, og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620.[2] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3162**. Vettvangsrannsókn fór fram 25.5.24. Kort og teikningar voru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar samkvæmt ákvæðum um skráningu menningarminja í **lögum um menningarminjar nr. 80/2012** sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt eða áður en gefið er út leyfi til framkvæmda.[3] Fornleifaskráning er fornleifarannsókn án jarðrasks og felst í heimilda- og vettvangskönnun á minjum á tilteknu svæði, lýsingu á staðháttum og ástandi og gerð minjanna, mati á aldri þeirra, hlutverki og tegund, ásamt varðveislumati.

Júní 2024<br>María Karen Sigurðardóttir<br>deildarstjóri minjavörslu og rannsókna<br>Borgarsögusafni Reykjavíkur

---

[1] Skipulagsstofnun. Matsáætlun Reykjanesbraut – Bústaðarvegur með tilliti til Borgarlínu. Matsáætlun 3.3.2023. https://www.skipulag.is/media/attachments/matsaaetlun-Reykjanesb-Bustadavegur-m.t.t.-Borgarlinu.pdf

[2] Minjastofnun Íslands. Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019: https://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?RecordID=b16a0ee3-05fb-42fd-ac95-eec0e082284b

[3] Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

# 1. Saga svæðisins

Til umfjöllunar er svæði sem tekur til hluta Reykjanesbrautar sem liggur frá Súðarvogi að mislægum gatnamótum við Stekkjarbakka. Gatnamót Bústaðavegar og Reykjanesbrautar eru innan þess vegkafla, sjá afmörkun á mynd 1.




*Mynd 1. Reykjanesbraut, úttektarsvæðið er afmarkað með svartri brotalínu.*[4]

[4] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.

## 1.1 Staðhættir og örnefni

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á öldum áður upp í jarðir lögbýla. Það landsvæði sem nú er skilgreint sem *Reykjanesbraut* tilheyrði áður að mestu þremur bújörðum, Kleppi, Bústöðum og Breiðholti, sjá mynd 2.

Svæðið einkennist af mýrum og fornum ísaldareyrum sem voru sundurgrafnar vegna malarnáms. Svæðið er nú að mestu umferðarmannvirki.




*Mynd 2. Landamerki lögbýlanna eins og þau voru árið 1703. Skástrikuð svæðin við Elliðaárósa eru uppfyllingar.*[5]

---

[5] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Kortavinnsla ALG.




*Mynd 3. Örnefni í gamla bæjarlandinu við Reykjanesbraut.*[6]

---

[6] *Borgarsögusafn*. Kort unnið á grunn úr Landupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Örnefnaskrár: Nafnið.is.

Fyrir botni Elliðaárvogs eru ósar *Elliðaánna* sem renna nú eftir manngerðum rásum til sjávar. *Markalækur* var afrennsli frá Sogamýri og landamerki á milli Klepps og Bústaða. Í landi Bústaða var þá *Melbakkamýri* þar sem nú eru mislæg gatnamót Miklubrautar og Reykjanesbrautar.[7] Austast með Reykjanesbraut er svo Elliðaárdalur, eftir Bústaðavegi lá gamla þjóðleiðin frá Öskjuhlíð að Bústöðum og áfram yfir Elliðaár austan við Ártún. Á mörkum jarðanna Breiðholts og Bústaða, vestan og sunnan með Elliðaánum, voru *Blesugrófarmelar* gamlir ísaldarmelar, *Blesugrófin* var gil eða gróf inn í melana.[8] Á Blesugrófarmelum byggðist síðan upp hverfi sem nefnt var Blesugróf og er það nú vestan við Reykjanesbraut, en hluti fór undir núverandi Reykjanesbraut. Gömlu ísaldareyrarnar voru áður nýttar til malartekju að hluta á því svæði sem nú er til skoðunar.

## 1.2 Í landi Klepps, Bústaða og Breiðholts

### 1.2.1 Þjóðleiðin yfir Elliðaár

Vegna legu í bæjarlandinu hafa þjóðleiðir og síðar umferðaræðar sett svip sinn á sunnanvert svæðið. Vegna þess hve mýrarnar voru víðlendar umhverfis Reykjavík var greiðasta leiðin frá kaupstaðnum um holtin. Elst var þjóðleiðin sem lá frá Skólavörðuholti um Öskjuhlíð og Bústaðaholt (232-77), yfir vaðið á Elliðaám sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin í þrennt samkvæmt korti frá árinu 1831, sjá mynd 4.




*Mynd 4. Þjóðleiðin (232-77) er merkt inn á kort frá árinu 1831, lá norðan við Bústaði austur yfir Elliðaár, á vaði austan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt.*[9]

---

Einar S. Arnalds, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, bls.175 og184–185 (kort Guðlaugs R. Guðmundssonar); Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

[7] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304. – Einar S. Arnalds: *Reykjavík. Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort bls. 175.

[8] Nafnið.is. Örnefnaskrá Breiðholts Jónína Hafsteinsdóttir.

[9] *Landsbókasafn Íslands*. Íslandskort: Gullbríngu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.

Þjóðleiðin (232-77) eftir Bústaðaholti var aðalvegurinn austur úr bænum þar til byggðar voru tvær brýr yfir Elliðaár árið 1883 og nýr vegur var lagður í framhaldi af Laugavegi norður fyrir Grensás og Sogamýri, sem ýmist var nefndur Suðurlandsvegur eða *Suðurlandsbraut* (232-85).

Á árunum 1919-1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar, en vegurinn (232-85) lá eins. Í þriðja sinn, eða árið 1941, voru brýrnar endurnýjaðar, þá voru brýrnar steyptar að mestu. Vestari brúin var þá byggð á ný til móts við þá eystri og við það fór hlykkurinn af veginum og nýr vegur var lagður (232-88).[10] Eystri brúin var auk þess rétt af. Gamla og nýja brúin sitja nú á sama stöpli að austan, en gamli hlutinn er notaður sem göngubrú.




*Mynd 5. Vegir og slóðar á svæðinu árið 1909. Þá lágu frá eystri brúnni yfir Elliðaár (323-22) tveir vagnavegir (tvöfaldar brotalínur), forverar Suðurlandsvegar og Vesturlandsvegar. Þessir vegir komu í stað fornu þjóðleiðanna/slóða sem lágu á milli bæja (svartar einfaldar línur). Blá píla bendir á Læknisleið (218-163).*[11]

Aðrir slóðar eða leiðir sem hér koma við sögu er Biskupaleið (231-74), gömul gata sem lá frá vaðinu yfir Elliðaár og út með sjónum að Kleppi og Laugarnesi, en þar bjó biskup á árunum 1826-1856.[12]

[10] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson, *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 82-83.

[11] *Landmælingar Íslands*. Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.

[12] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífs*, bls. 304.

Vatnsveituvegur (232-76) var lagður um 1909 frá Suðurlandsbraut og með Elliðaánum að Gvendarbrunnum við Elliðavatn. Hluti af veginum er innan úttektarsvæðis.

Læknisleið eða forn götuslóði Álftnesinga (218-63), lá frá vaðinu yfir Kópavogslæk yfir hálsinn að Meltungu og í Blesugróf að Álftnesingavaði.

## 1.2.2 Sand- og grjótnám

Með aukinni þörf á byggingarefni voru opnaðar sand- og malarnámur í landi Bústaða fyrir 1947.[13] Tekin var möl úr gömlu ísaldaráreyrunum þar sem Blesugrófarmelar voru við Vatnsveituveg.




*Mynd 6. Malarnámur voru beggja vegna við Vatnsveituveg (232-76) á Blesugrófarmelum þar sem síðar reis íbúðarhverfið Blesugróf, blá píla bendir á námuna. Hluti af korti frá árinu 1947.*[14]

[13] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.

[14] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.

### 1.2.3 Yngri byggð við Reykjanesbraut

Samhliða því að Vatnsveituvegur var gerður fór byggðin að teygja sig upp með honum. Elstar voru byggingar og mannvirki sem tilheyrðu skeiðvellinum en í Blesugróf og nágrenni tóku að rísa sumarbústaðir og lítil íveruhús á kreppuárunum, um og upp úr 1930, sum á erfðafestulöndum (Bústaðablettir 1-10) en önnur á óútvísuðu landi. Um svæðið lá þá áðurnefndur Vatnsveituvegur, frá Suðurlandsbraut og áfram sunnan með Elliðaánum. Árið 1932 var einnig lagður malarvegur vestan með Blesugrófarmelum alla leið að útvarpsstöðinni á Vatnsendahvarfi og var nyrsti hluti hans kallaður *Breiðholtsvegur* (að hluta þar sem nú er gatan Stjörnugróf) og í framhaldi var hann kallaður *Útvarpsstöðvarvegur*. Á stríðsárunum voru tvö herskálahverfi á svæðinu, annað á Blesugrófarmelum New Mercur Camp og annað Camp Pony Track (232-15) við norðurendana á skeiðbrautinni. Hverfið sem byggðist upp á Blesugrófarmelum var annaðhvort nefnt Blesugróf eða Breiðholtshverfi. Eftir 1970 var stór hluti af húsunum rifin, meðal annars til að rýma fyrir Reykjanesbraut en allmörg standa enn, einkum vestan Reykjanesbrautar þar sem götur fengu árið 1962 nöfnin Bleikargróf, Blesugróf (áður B-gata), Jöldugróf og Stjörnugróf (áður A-gata). Einnig voru í Blesugrófarhverfinu C-gata og D-gata.[15]

## 2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer mennta- og menningarmálaráðherra með yfirstjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.[16] Auk umhverfismats framkvæmda og áætlana.[17]

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Um friðun og friðlýsingu er fjallað í 5. gr. laganna:

> Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. … Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirvöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsingu þeirra.

---

[15] Guðjón Friðriksson, Alfræði Reykjavíkur, https://archive.ph/, leitarorð Blesugróf.
[16] Lög um menningarminjar 2012 - nr. 80 - 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.
[17] Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana 2021 - nr. 111 - 25. júní. Tóku gildi 1. sept. 2021.

> Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

> Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

> Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

> Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:
> **a.** búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
> **b**. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
> **c.** tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
> **d.** vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
> **e.** virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
> **f.** þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
> **g.** áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
> **h.** haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
> **i.** skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarminjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði

fornleifafræðinnar. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum, því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

> Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

## 3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur skrár yfir menningarminjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafrænar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2024) eru um 4000 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835-1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer fengið úr Jarðatali J. Johnsens frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar. Hér eru einungis notaðar þær tvær síðastnefndu, dæmi: Ártún 263-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda.[18] Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **3162**.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarminja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri sögulegum úttektum ásamt vettvangsrannsókn sem felst í því að gengið er um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjáanlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar sjást ekki á yfirborði eru þær skráðar sem **heimild**, *en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask*. Í lokin er vísað í þær heimildir sem hafa gefið tilefni til skráningar fornleifa. Þá er reynt að áætla út frá staðsetningu hvaða hlutverk minjar hafa haft og lagt mat á ástand þeirra.

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnitsettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar

---

[18] Minjastofnun Íslands, Skráningarstaðlar fornleifa, 2013. Lög um menningarminjar 80/2012. Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019. Oddgeir Isaksen; *Skil á fornleifaskráningargögnum. Landupplýsingagögn: Punktaskrár, línu- og flákagögn*. Minjastofnun Íslands. Leiðbeiningarit 1. Reykjavík 2013.

(LUKR) og þar eru minjarnar hnitsettar í kerfinu ISN 93 sem punktar. Ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar inn á vettvangi.

Minjarnar eru flokkaðar eftir aldri sem er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar. Elstu minjarnar eru fornleifar 100 ára eða eldri í *rauðum flokki* og eru þær friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði, þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit. Í *gulum flokki* eru minjar sem teljast ekki til friðaðra fornleifa en verða friðaðar fornleifar á næstu árum. Í *grænum flokki* eru yngri minjar frá því eftir 1935. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit.* Þær eru frá árunum 1940-45 en sérstaklega er nú gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar á Reykjavíkursvæðinu.

Sýnilegar fornleifar á svæðinu er hluti af vegi (232-76) að gömlu Elliðaárbrúnni (232-23) og vað (232-86) á vestari Elliðaárkvíslinni. Yngri þekktar minjar geta leynst í jörðu. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap og er hnitsetningin tekin upp úr þeim grunni.

*Tafla 1. Aldursflokkun minja.*

| Flokkur | Tegundir minja | Litur flokks |
|---|---|---|
| 1 | Fornleifar, minjar 100 ára og eldri | ● Rauður |
| 2 | Minjar frá 1925-1935 | ● Gulur |
| 3 | Minjar frá 1935 og yngri | ● Grænn |
| 4 | Herminjar frá 1940 og yngri | ● Blár |

# 4. Fornleifaskrá og varðveislumat fyrir fornleifar, mannvirki og yngri minjar

## 4.1 Skrá yfir fornleifar við Reykjanesbraut - Bústaðaveg

Í þessum kafla er greint frá minjum á svæði sem er skilgreint sem Reykjanesbraut-Bústaðavegur.[19] Minjar eru skráðar undir jarðirnar Klepp, Bústaði og Breiðholt.

[19] Skipulagsstofnun. Matsáætlun Reykjanesbraut – Bústaðarvegur með tilliti til Borgarlínu. Matsáætlun 3.3.2023 https://www.skipulag.is/media/attachments/matsaaetlun-Reykjanesb-Bustadavegur-m.t.t.-Borgarlinu.pdf




*Mynd 7. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á nyrðri hluta skráningarsvæðisins.*[20]

[20] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01 reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 8.5. maí 2024. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.




*Mynd 8. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á syðri hluta skráningarsvæðisins.*[21]

[21] Grunnur úr Landsupplýsingakerfi Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefslóð: http://lukr-01 reykjavik.is/borgarvefsja/. Sótt 8.5. maí 2024. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

# Breiðholt 218-26 Bústaðarlaug

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-26** | Bústaðalaug | Laug | Heimild | 1900 | 361581 | 404355 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Jarðhiti var í Blesugróf, Löngugróf og Kermóum og einnig norðan við gamla Breiðholtsbæinn. Íbúar á þessum svæðum hafa nýtt heitar uppsprettur eða volgrur sem þar voru til þvotta og baða.[22] Nyrst í Þrætuengi var volg laug, kölluð Bústaðalaug. Hún var líklega á merkjum eða í Bústaðalandi.[23]
Vatn úr Bústaðalaug hefur líklega verið notað í útilaug sem Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur (1898-1971), gerði við bústað sinn Bakkakot (218-102) sem stóð austan við núverandi gatnamót Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka.[24] Á korti frá 1/10 1931 af Breiðholtsmýri, eru merktar inn nokkrar laugar á þessu svæði, hiti þar var 21-33°C. Kortið er merkt Helga Sigurðssyni sem þá var hitaveitustjóri. Þetta laugarsvæði var þar sem nú er austur slaufuna á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka þar sem tjörnin er.
**Lýsing:** Horfin.




*Mynd 9. Breiðholtsmýri árið 1931, syðst er afmarkaður reitur með rauðu sem var Breiðholtsblettur I. Fyrir miðri mynd var/er Mjódd og lengst til hægri er Blesugróf þar sem önnur afmörkun er með rauðu. Kortið er merkt Helga Sigurðssyni sem síðar varð hitaveitustjóri, hann hefur fært inn á það margar heitar uppsprettur og laugar eins og við Breiðholt og Bústaðalaug.*[25]

[22] Þorkell Jóhannesson, „Minningar frá Breiðholti“. *Heima er bezt*, 63. árg. 2013, 2. tbl., bls. 64 – *Morgunblaðið*, 9. nóvember 1993, bls. 33.

[23] Nafnið.is. Örnefnaskrá Breiðholts, bls. 1, viðbót Jónína Hafsteinsdóttir.

[24] Þorkell Jóhannesson, „Minningar frá Breiðholti“. *Heima er bezt*, 63. árg. 2013, 2. tbl., bls. 64.

[25] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Kort Mælingadeildar Reykjavíkur: Kort Breiðholtsmýri 1:2000, EF 532 1/10/1931, II-7-1-016.

# Breiðholt 218-163 Læknisleið

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-163** | Læknisleið/Álftnesingaleið | Leið, sem vegur | Heimild | 1500 | 361494 | 404559 | Ómetið | Já |




*Mynd 10. Kort frá 1909. Frá upphafi byggðar lágu slóðar á milli bæja, merktir sem svartar, einfaldar línur á kortið, eins og Bústaðavegur hin forni áður þjóðleiðin til Reykjavíkur, Læknisleið og Breiðholtsvegur eldri. Um 1880 hófst gerð vagnavega, sem eru merktir með tvöföldum línum. Suðurlandsbraut/Suðurlandsvegur lá í framahaldi af Þvottalaugavegi, um 1909 voru framkvæmdir við Sogaveg og Vatnsveituveg hafnar.*[26]

[26] *Landmælingar Íslands*. Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: *Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.* Viðbótar merkingar á örnefum og heiti á vegum ALG.

**Staðhættir:** Samkvæmt örnefnaskrá Kópavogs lá forn götuslóði Álftnesinga frá vaðinu á Kópavogslæk yfir hálsinn að Álftnesingavaði. En líklega var þá Álftnesingavaðið niður af Blesugróf. Seinna var vegur ruddur frá vaðinu við Kópavogslæk að Meltungu vegna ferða læknis sem sat í Hafnafirði og þurfti að komast í Mosfellssveit og Kjós. Þessi leið var þá kölluð *Læknisleið*. Hluti hennar er merkt inn á kort frá árinu 1909.[27] Leiðin liggur þá ekki lengur niður Blesugróf yfir hið forna Álftnesingavað heldur yfir að slóðanum sem var Vatnsveituvegur og að neðra vaðinu sem var á þjóðveginum yfir Bústaðaholt að Ártúni.
**Lýsing:** Horfin.

## Kleppur 231-69 Markalækur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-69** | Markalækur | Landamerki | Heimild | 1890 | 361252 | 405700 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Þrísteinar eru aðalmark Kleppsjarðarinnar þar sem nú eru gatnamót Suðurlandsbrautar og Skeiðarvogs. Þaðan réði *Markalækur* merkjum til sjávar. Í málaferlunum 1890 – 1893 taldi eigandi Bústaða, H. Th. A. Thomsen, að línan lægi úr Þrísteinum í *Gelgjutanga*, sem Thomsen kallar einn manna *Geldingatanga*. Thomsen nefnir *Markalæk Murtulæk*, en það gerir Ragnar á Bústöðum einnig. Í málaferlunum kallaði gamall maður, Helgi Eyjólfsson, er alla ævi hafði búið á Kleppi, lækinn *Marklæk*. Hann taldi, að lækurinn réði mörkum, þar sem hann féll út í *Árkjaftana*. Þann 7. des. 1891 er merkjum lýst svo: Úr Þrísteinum í *Merkjalæk*, þar sem hann fer í gegnum nýja veginn, og ráði hann mörkum til sævar, þar sem hann fellur í Elliðaárvog. Markalækur rann til sjávar við Árkjaftana skammt frá *Útskálum*. Lækurinn var afrennsli Sogamýrar.[28]
**Lýsing:** Horfin, setur í ræsi.

## Kleppur 231-74 Biskupagata

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-74** | Biskupagata eða Biskupabraut | Leið, sem vegur | Heimild | 1826-1907 | 361406 | 405731 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Gömul gata lá frá Ártúnsvaði á Elliðaám og út með sjónum að Kleppi. Frá Kleppi lá vegurinn eftir fjörunni yfir Skaftið, um grandann fyrir framan tjörnina og svo niður sjávarbakkann að Laugarnesi. Frá Laugarnesi og svo áfram að Rauðará, leiðin lá bæði á bakkanum og í fjörunni. Þetta var aðal leiðin að þessum bæjum þar til að spítali var reistur 1898 í Laugarnesi og að Kleppi 1907. Nafnið *Biskupagata* eða *Biskupabraut* kemur til af því að í Laugarnesi bjó biskupinn frá 1826–1856.[29]
**Lýsing:** Horfin.

[27] *Landmælingar Íslands*. Herforingjaráðskort. Generalstabens topografiske Afdeling. Kjöbenhavn 1909. 1:5000: Reykjavík. 27 Reykjavík N.A.)
[28] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 298 og 304–305.
[29] Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár,“ bls. 298 og 304–305.

## Bústaðir 232-18 Skeiðvöllur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-18** | Skeiðvöllur | Reiðvöllur | Heimild | 1922-1971 | 361352 | 405262 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Austan Sogamýrar, á melunum við vesturbakka Elliðaánna, þar sem Reykjanesbraut liggur nú, var lengi skeiðvöllur Hestamannafélagsins Fáks. Völlurinn var gerður árið 1922, þegar hestamannafélagið var nýstofnað.
**Lýsing:** Skeiðvöllurinn er horfinn. Vék fyrir lagningu Reykjanesbrautar á árunum 1971–1975 en þá var allt svæðið þar í kring sléttað.



*Mynd 11. Kappreiðar á skeiðvelli Fáks (232-18) við Bústaðaveg, fjær sér í Elliðavog og Ártúnshöfðann, nær Ártúnsholtið og Árhólmann.*[30]




*Mynd 12. Hluti úr korti frá árinu 1947 sem sýnir hvar skeiðvöllur Fáks var vestan við Elliðaár.*[31]

## Bústaðir 232-23 Elliðaárbrú

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-23** | Elliðaárbrú | Brú | Brú | 1883 | 361534 | 405377 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vegir og önnur samgöngumannvirki milli Reykjavíkur og nágrannabyggða voru mjög frumstæð fram undir lok 19. aldar. Fyrstu brýrnar yfir Elliðaárnar voru byggðar árið 1883. Vestari brúin er nokkru ofar í dalnum en sú eystri. Því kom hlykkur á veginn milli brúnna (sjá mynd 10). Á árunum 1919–1920 voru brýrnar yfir Elliðaár endurnýjaðar, gömlu hlöðnu stólparnir voru notaðir áfram, hækkaðir og auk þess voru steinbitar settir á milli þeirra í stað trébitanna sem fyrir voru. Brúargólfin voru líka steypt og handrið úr járni fest á steypta stólpa (sjá mynd 14). Gamla brúin yfir vestari kvíslina er enn í notkun, en farið er yfir hana þegar ekið er að veiðihúsi í *Árhólmanum*. Ný brú var byggð neðar til móts við eystri brúna árið 1940, sjá (323-88).
**Lýsing:** Brúarstöplarnir voru hlaðnir úr tilhöggnu grágrýti, 8–10 raðir og á milli þeirra hvíldu tveir burðarbitar. Gólfið lá svo ofan á bitunum og handrið úr tré var fest utan á bitana. Búið er að endurnýja brúna, steypa ofan á gömlu hleðslurnar og setja nýtt handrið úr járni.

---

[30] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 1445. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

[31] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1947 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.



*Mynd 13. Brúin yfir vestari kvíslina um 1910. Í baksýn er Búrfoss. Burðarbitar, brúargólf og handrið úr timbri.*[32]



*Mynd 14. Elliðaárbrúin yfir vestari kvíslina, horft í norður.*

## Bústaðir 232-37 Almenningsvöð

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-37** | Almenningsvöð | Vað | Heimild | 1800 | 361518 | 405520 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Vaðið er merkt inn á kort eftir Sigurð málara frá árinu 1869 og hefur verið þekkt þá. Í örnefnaskrá segir „Almenningsvöð eru neðstu vöðin á ánum [Elliðaánum].“[33] Til er mynd sem sýnir mann á hesti fara yfir vestari kvíslina sunnan við neðri veiðihúsin sjá mynd 15. Líklegt er að þessi mynd sýni hvar vaðið var þá.
**Lýsing:** Vaðið er horfið undir gatnaframkvæmdir.



*Mynd 15. Við vestari kvíslina í Elliðaánum. Maður á hesti líklega að fara yfir ána þar sem Almenningsvöð voru um 1880-1910. Í baksýn í fjarska eru bæjarhúsin á Kleppi en nær eru neðri veiðihúsin þar sem nú er Geldinganes.*[34]

[32] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 216. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.
[33] *Stofnun Árna Magnússonar*. Nafnið.is. Örnefnalýsing Árbær og Ártún, Svavar Sigmundsson.
[34] *Þjóðminjasafn Íslands*. Lpr-567. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

## Bústaðir 232-76 Vatnsveituvegur

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-76** | Vatnsveituvegur | Leið, sem vegur | Vegur | 1909 | 361455 | 405328 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Á herforingjaráðskorti frá árinu 1909 er merktur inn vegur vestan við Elliðaárnar. Hann lá frá brúnni sem var yfir vestari kvísl Elliðaánna og upp með ánni upp að Vatnsenda.[35] Vegurinn er ekki merktur sem vagnavegur inn á kortið, heldur er slitin línan, líklega vegna þess að vegurinn var ekki fullbúinn þegar kortið var gert, sjá mynd 16. Í dag er hluti vegarins sjáanlegur frá brúnni og 100 m í átt að Reykjanesbraut. Vegur þessi er líka sjáanlegur uppi í Blesugróf þar sem hann varð síðar Vatnsveituvegur.
**Lýsing:** Malarvegur upp með vestari kvísl Elliðaánna frá gömlu brúnni (232-23) vestur að Reykjanesbraut, um 100 m á lengd og 5 m breiður. Búið er að keyra í hann möl að hluta, en hægt er að sjá legu þessarar gömlu leiðar.




*Mynd 16. Vegur (232-76) á korti her-foringjaráðs, merktur með rauðri línu þar sem hann er sjáanlegur.*[36]



*Mynd 17. Vegur (232-76) upp frá brúnni yfir vestari kvísl Elliðaánna, horft í vestur, grasi gróin.*

## Bústaðir 232-77 Bústaðavegur hin forni

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-77** | Bústaðavegur hinn forni | Þjóðvegur | Heimild | 900-1883 | 361293 | 405052 | Sæmilegt | Nei |

**Staðhættir:** Þjóðvegur til og frá Reykjavík er merktur inn á kort eftir Björn Gunnlaugsson frá árinu 1831, sjá mynd 18. Kortið sýnir leiðir um Gullbringu- og Kjósarsýslu. Leiðin er sýnd frá Öskjuhlíð fyrir norðan Bústaði og sunna Ártúns. Yngra kort eða kort Benedikts Gröndal frá 1880 sýnir leiðina yfir vað í árhólmana sunnan við Búrfoss og Innréttingahúsin að Ártúnsvaði. Þaðan lá leiðin sunnan við túngarðinn í

---

[35] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.
[36] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

Ártúni og upp Reiðskarðið.[37] Vegurinn er líka merktur inn á kort Sigurðar Guðmundssonar málara frá 1869, sjá mynd 20.[38]

**Lýsing:** Vegurinn hefur líklega allur farið undir núverandi Bústaðaveg. Hugsanlega er hluti af honum samt sjáanlegur austan við Bústaðakirkju, á lóð Bjarkarhlíðar. Auk þess að í Árhólmanum er hægt að sjá legu þessarar gömlu leiðar. Búið er að bera möl þar ofan í hana á um 180 m kafla en 90 m eru grasigrónir. Engin merki eru innan áætlaðs framkvæmdarsvæðis við Reykjanesbraut.




*Mynd 18. Þjóðleiðin er merkt inn á kort frá árinu 1831 og lá norðan við Bústaði yfir Elliðaár, á vaði sunnan við Ártún og að Árbæ, en þar skiptist leiðin upp í þrennt.*[39]



*Mynd 19. Gamla þjóðleiðin lá yfir vestari ána á ónefndu vaði (232-86) og áfram yfir Árhólmanna. Horft í í austur.*

---

[37] Kort Benedikts Gröndal af Elliðaánum 1880. Hér tekið eftir: *Elliðaárnar. Paradís Reykjavíkur*. Hluti af prentuðu korti sem er aftast í ritinu. Upplýsingar um kortið eru á bls. 6.

[38] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson, *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 92.

[39] Landsbókasafn Íslands. Íslandskort: Gullbríngu og Kjósar Sýsla, með nockrum parti af Árnessýslu, mæld og teiknað að tilhlutan ens íslenska Bókmentafélags, árið 1831. Höfundur Björn Gunnlaugsson.




*Mynd 20. Kort Sigurðar málara af þjóðleiðinni yfir Árhólmanna árið 1874.*[40]

## Bústaðir 232-85 Suðurlandsbraut

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-85** | Suðurlandsbraut | Vegur | Heimild | 1908-1920 | 361339 | 405523 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á Herforingjaráðskorti frá árinu 1909 er merktur inn vegur sem var þar sem síðar varð gata nefnd Suðurlandsbraut.[41] Hann var lagður í farmhaldi af Þvottalaugavegi austur að brúnum yfir Elliðaár, sjá mynd 10.
**Lýsing:** Horfin undir nútíma gatnaframkvæmdir.

## Bústaðir 232-86 Vað

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-86** | | Vað | Heimild, Vað | 900-1883 | 361396 | 405032 | Gott | Nei |

**Staðhættir:** Vað á þjóðleið (232-77) yfir vesturkvísl Elliðaánna, ekki vitað hvort það var nefnt Ártúnsvað eða „Álftnesingavað“, talið er að Álftnesingavað gæti hafa færst niður á þetta vað þegar efra vaðið var lagt af þegar vegurinn var færður frá því að fara niður Blesugróf og farnir voru Blesugrófarmelar. Austan við malbikaðan gangstíg með Elliðaánum, um 30 m austur af austurakrein Reykjanesbrautar og um 100 m suðaustur af Bústaðavegi 153. Þjóðleið lá fyrir norðan Bústaði yfir umrætt vað sunnan við Búrfoss og

[40] Árni Hjartarson, Helgi M. Sigurðsson og Reynir Vilhjálmsson, *Elliðaárdalur. Land og saga*, bls. 91. Merkingar bættar ALG.
[41] *Landmælingar Íslands*. Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

Innréttingahúsin í Árhólmanum, yfir Ártúnsvað á eystri kvíslinni og áfram sunnan við túngarð Ártúns og upp Reiðskarðið. Leiðin er teiknuð á kort Björns Gunnlaugssonar frá árinu 1831, sjá mynd 20. Hugsanlega voru bæði vöðin yfir báðar árnar á þessum vegi nefnd Ártúnsvað undir það síðasta.
**Lýsing:** Vaðið er enn í notkun og er ekið yfir það.



*Mynd 21. Vað á gamalli þjóðleið (232-77) yfir vesturkvísl Elliðaánna, horft til norðvesturs að gatnamótum Reykjanesbrautar og Bústaðavegar.*

## Bústaðir 232-157 Leið

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **232-157** | | Leið | Reiðvegur | 1883-1924 | 361504 | 405406 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Á korti frá 1924 er merktur inn með brotalínu „Reiðvegur" með vestari kvísl Elliðaánna að vestanverðu. Leiðinn liggur frá gömlu Elliðaárbrúnni (232-23) á vestari kvíslinni og á bakkanum í norður að neðsta vaðinu við gömlu Veiðihúsin (232-7) , síðan liggur leiðinn áfram sem (231-74) Biskupaleið eftir bökkunum að Kleppi.[42] Leiðinn verður líklega til eftir að brúin er byggð 1883 og notkun á neðsta vaðinu leggst af.
Nú er þarna slóði og er hann að hluta á sama stað og þessi leið, slóðinn beygir svo að brú þar sem Ártúnsbrekkan fer yfir.
**Lýsing:** Horfin.

[42] *Borgarsögusafn*. Korta- og uppdráttasafn. Kort af neðsta hluta Elliðaánna frá 1924, fengið frá Mælingardeild Reykjavíkur – Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár," bls. 298 og 304–305.

# 4.2 Skrá yfir yngri minjar Reykjanesbraut – Bústaðaveg

## Breiðholt 218-62 Hús í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-62** | Hús í Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1930 | | | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Undir þetta númer eru skráð öll hús í Blesugróf sem ekki hafa hlotið sér númer. Ekki er vitað hvað þau hétu og ekki finnast upplýsingar um þau nema á kortum.
**Lýsing:** Horfin, en minjar gætu fundist í jörðu.

## Breiðholt 218-102 Bakkakot í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-102** | Bakkakot, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1943-2003 | 361652 | 404356 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Bakkakot stóð sunnan og vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 100 m fyrir sunnan Skálará. Í fasteignaauglýsingu frá árinu 1969 kemur fram að húsið er tveggja hæða, 70 m² að flatarmáli, og á lóðinni var 100 m² iðnaðarhúsnæði og sundlaug.[43] Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur byggði sundlaug við húsið sitt, vatnið í laugina fékk hann líklega úr laug sem var þarna skammt frá, Bústaðalaug (218-26).
**Lýsing:** Húsið og laugin eru horfin, en minjar gætu fundist í jörðu.

## Breiðholt 218-103 Laugarfell í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-103** | Laugarfell, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1942-1984 | 361621 | 404388 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Laugarfell stóð sunnan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 95 m fyrir suðvestan Skálará.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.

## Breiðholt 218-104 Lækjarbugur í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-104** | Lækjarbugur, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1942-1984 | 361608 | 404416 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Lækjarbugur stóð sunnan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 75 m fyrir vestan Skálará.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.

[43] *Morgunblaðið*. 3. október 1969, bls. 8.

## Breiðholt 218-106 Lækjartún í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-106** | Lækjartún, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1950-1996 | 361551 | 404445 | Ómetið | Já |



*Mynd 22. Húsið Lækjartún, horft í átt að Kópavogi.*[44]

**Staðhættir:** Lækjartún stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 130 m fyrir vestan Skálará.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.

## Breiðholt 218-107 Lækjarhvoll í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-107** | Lækjarhvoll, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1945-1971 | 361505 | 404444 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Lækjarhvoll stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 120 m fyrir vestan Skálará.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.



*Mynd 23. Lækjarhvoll í Blesugróf. Horft í átt að Elliðaárstöð og Ártúni.*[45]

[44] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. 2012 4 1. Ljósmyndari Kristinn Snæland, Lækjartún í Blesugróf 1960.
[45] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SÞÓ 0171. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, Lækjarhvoll í Blesugróf 1972.

## Breiðholt 218-108 Lækjarbrekka í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-108** | Lækjarbrekka, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1943-1984 | 361521 | 404455 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Lækjarbrekka stóð vestan við Vatnsveituveg, þar sem í dag er austurslaufan á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Stekkjarbakka, eða um 150 m fyrir vestan Skálará.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.



*Mynd 24. Lækjarbrekka í Blesugróf.*[46]

## Breiðholt 218-110 Klöpp í Blesugróf

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **218-110** | Klöpp, Blesugróf | Íbúðarhús | Heimild | 1954-1971 | 361505 | 404527 | Ómetið | Já |

**Staðhættir:** Klöpp var vestan við Vatnsveituveg, austan við Reykjanesbraut og um 20 m norðan við göngubrú.
**Lýsing:** Húsið er horfið undir gatnaframkvæmdir, en minjar gætu fundist í jörðu.

[46] *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SÞÓ ÁBS 0131. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, Lækjarbrekka í Blesugróf 1972.



*Mynd 25. Klöpp í Blesugróf, hægra megin við húsið má sjá Vatnsveituveg og Sandhól.*[47]

## Kleppur 231-57 Útskálar við Elliðavog

| Safnnr. | Sérheiti | Hlutverk | Tegund | Aldur | Hnit X ISN93 | Hnit Y ISN93 | Ástand | Horfin |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **231-57** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Íbúðarhús | Heimild | 1941-1975 | 361315 | 405758 | Ómetið | Að hluta |
| **231-58** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Hlaða, f. hey | Heimild | 1937-1971 | 361294 | 405689 | Ómetið | Já |
| **231-59** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Útihús | Heimild | 1950-1970 | 361374 | 405692 | Ómetið | Já |
| **231-60** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Hesthús | Heimild | 1950-1970 | 361382 | 405660 | Ómetið | Já |
| **231-61** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Kálgarður | Heimild | 1941-1970 | 361308 | 405736 | Ómetið | Já |
| **231-62** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Súrheysturn | Heimild | 1930-1940 | 361402 | 405831 | Ómetið | Já |
| **231-70** | Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar | Kartöflugarður | Heimild | 1940 | 361402 | 405831 | Ómetið | Já |
